

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 2. apríl 2025

Fyrirlesari: Steinunn Krisjánsdóttir, fornleifafræðingur.

Efni: „Er búið að leysa Sjöundármálið?”

Mættir: 63 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund og minnti enn á að núverandi stjórn lýkur störfum í maí og brýndi félagsmenn til að finna nýja stjórn til þess að taka við keflinu. Hann reifaði stuttlega það sem eftir er af starfi vetrarins, einn félagsfundur í maí og loks aðalfundur í lok þess mánaðar. Síðan minntist hann eins læknis sem hefur látist frá síðasta fundi, Harðar Bergsteinssonar. Þá var kominn timi til að kynna fyrirlesara fundarins, Steinunni Kristjánsdóttur, fornleifafræðing. Söguna af hörmulegum atburðum sem áttu að hafa átt sér stað á bænum Sjöundá á Rauðasandi um aldamótin 1800 þekkja líklega flestir af skáldsögu Gunnars Gunnarssonar, Svartfugl, sem hann byggði á opinberri útgáfu á því hvernig dauðdaga karls og konu hefði borið að og makar þeirra voru dæmd fyrir að hafa valdið, enda hefðu þau átt í ástarsambandi. Steinunn er ættuð frá þessum slóðum og hefur lengi efast um sannleiksgildi þessarar sögu. Útgangspunktur hennar er rödd almúgamannsins í sagnfræðinni og í nýútkominni bók sinni lætur hún Bjarna Bjarnason, sem var dæmdur og hálshöggvinn fyrir morðin, segja söguna. En Steinunn er fræðimaður og hefur gjörkannað frumheimildir, réttarskjöl o.fl.. Niðurstaða hennar er sú, að vissulega sé það sannleikskorn í sögunni einsog hún hefur verið sögð, að hjónaband Jóns og Steinunnar hafi verið að engu orðið og þau Steinunn og Bjarni verið farin að draga sig saman. Allt annað er harmsaga um misbeitingu valds. Bjarni og Steinunn játuðu á sig verknað sem engar sönnur voru fyrir, játningin var knúin fram með pyntingum og skröksögu um líklega náðun. Tvær flóttatilraunir Bjarna úr fangelsi höfðu þann tilgang að fá aflausn synda sinna í kirkju, í samræmi við lúterskan rétttrúnað. Bjarni endaði ævi sína á höggstokk í Noregi, þar sem enginn fannst böðullinn á Íslandi, en Steinnunn veiktist skyndilega og dó í tugthúsinu. En hver er svo lausn morðgátunnar? Hún kom þegar glæpasagnahöfundar hittust fyrir skömmu á málþingi, og voru fljótir. Lýsingar á líki Jóns passa engan veginn við að það hafi velkst í sjó í nokkra mánuði og rekið á fjöru. Líklegast er að Jón hafi hrapað til dauðs í gili og líkið legið þar í skaflum um veturinn þar til því skolaði niður með læknum í vorleysingum. Um Guðrúnu var vitað að hún hafði lengi verið veik og dauði hennar því átt sér eðlilegar orsakir. Efnið og lífleg framsetning Steinunnar hvatti til nokkurra spurninga og vangaveltna, m.a. um heldur snautlegan feril setts sýslumanns, og, eins og verða vill á Íslandi, átti einn fundarmanna ættir að rekja til hans.

Fundi slitið kl. 17:00.